

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 06. október 2015
2015090021/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálendinu, 10. mál


Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 23. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálendinu, 10. mál.

Eins og fram kemur i greinargerð með framangreindri tillögu til þingsályktunar hafa verið uppi hugmyndir undanfarin ár um stofnun þjóðgarða á miðhálendi Íslands, sem m.a. hafa tengst jöklum hálandisins og má þar nefna Hofsjökulsþjóðgarð og Vatnajökulsþjóðgarð, sem varð að veruleika og nær til hálandis- og láglendissvæða. Miðhálendið hefur mikla sérstöðu hvað snertir byggð, náttúrufar og eignarhald. Það er því eðlilegt að skoða hvort ekki sé farsælast að gera miðhálendið að þjóðgarði, og þar með að einni skipulagseiningu, sem auðveldar margt en krefst mikillar undirbúningsvinnu og samvinnu til að ná fram heildstæðri verndar- og stjórnunaráætlun sem tekur á vernd og nýtingu. Ljóst er að í slíku ferli þarf að samþætta margar áætlanir og væntingar og óþarfí að telja það allt upp eða þá faglegu vinnu sem þegar er fyrir hendi og snertir miðhálendið. Með því að gera miðhálendið að þjóðgarði er verið að setja vernd náttúrunnar og náttúrulegra ferla í forgang samkvæmt hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og á þann veg að öll nauðsynleg nýting aðlagar sig að því. Þessi nálgun á auðvitað að gilda um landið í heild, sbr. markmið skipulagslaga og laga um náttúruvernd, en verður varla farin í bráð og ekki fyrr en fullur skilningur er fyrir því. Að öllum hugleiðingum slepptum styður Náttúrufræðistofnun að það verði skoðað af fullri alvöru að stofna þjóðgarð sem tekur yfir allt miðhálendi Íslands.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

